



## Skútustaðahreppur Deiliskipulag hótellóðar í landi Grímsstaða.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 24. júní s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi hótellóðar í landi Grímsstaða í Skútustaðahreppi, rétt norðan Mývatns. Deiliskipulagssvæðið er um 10 ha að stærð. Í fyrirhuguðu hóteli er gert ráð fyrir 91 gistiherbergi auk 10-15 herbergja fyrir starfsfólk. Áætluð heildarstærð bygginga er allt að 5000 m<sup>2</sup> á allt að þremur hæðum. Megin markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja fram stefnumörkun um uppbyggingu hótels, byggingarreit, húsagerð, aðkomu, bílastæði o.fl og lögð er áhersla á að framkvæmdin verði gerð í sátt við umhverfið og fylgi reglugerð um verndun Mývatns og Laxár. Umhverfisskýrsla fylgir deiliskipulagstillögunni.

Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 24. júní s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til samræmis við ofangreinda deiliskipulagstillögu. Breytingartillögurnar varða reit 363 V verslunar- og þjónustureit og felast í því að heimilt verður að byggja allt að þriggja hæða byggingar í stað tveggja og leyfileg heildarstærð verði allt að 5.000 m<sup>2</sup>.

Tillöguuppdrættir ásamt greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 4. september til og með föstudeginum 16. október 2015. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps:

<http://www.myv.is/Stjórnsýslan/Skipulagsmál/Deiliskipulag/Tillögur í auglýsingu>  
og

<http://www.myv.is/Stjórnsýslan/Skipulagsmál/Aðalskipulag/Tillögur í auglýsingu>

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 16. október 2015. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykkir.

Bjarni Reykjalin,  
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

33. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 2. sept. 2015

## Afmælisbörn dagana 3. sept. — 9. sept. 2015

4. Jón Haraldur Helgason, Sigurlína Helgadóttir.
7. Einar Jónsson, Heimir Knaran Sigurbjörnsson.
8. Nanna Kristjánsdóttir.
9. Pálmi John Þórarinnsson, Sæmundur Þór Sigurðsson

### Réttardagur.

Hin árlega réttarsala verður við Hlíðarrétt sunnudaginn 6. sept.

Sala hefst kl. 9:30.

Kaffihlaðborð, pylsur og fleira.

Komum og styðjum gott málefni.

Posi á staðnum

Slysavarnadeildin Hringur



### Dósasöfnun.

Dósasöfnun verður hjá nemendum Reykjahlíðarskóla, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag 8. - 10. september.

Öll innkoma rennur í ferðasjóð nemenda.

Fólk er vinsamlega beðið um að setja dósapokana utan við útidyrnar ef það vill gefa dósir/flöskur en þarf að fara að heiman.

Þökkum kærlega fyrir stuðninginn.  
Nemendafélag Reykjahlíðarskóla.





## Starfsmaður óskast.

MýSköpun ehf. óskar eftir að ráða röska og úrræðagóðan einstakling í 50% starf.

Um er að ræða starf við alla almenna vinnu á rannsóknarstofu, s.s. sýnataka, ræktun þörunga, greining þörunga og innskráning gagna og fl.

Reynsla af rannsóknarvinnu kostur.

Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu í word, excel og outlook.

Umsóknir skal skila í tölvupóst til [arnheidur@myskopun.is](mailto:arnheidur@myskopun.is) fyrir 15. sept.

Fyrir hönd MýSköpunar  
Arnheiður Rán Almarsdóttir

## Mýflugan

## Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

### Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.  
1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.  
1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



## Heilsugæslustöðin í Reykjahlíð og Lyfja



### Afgreiðsla Lyfju er opin:

Mánudaga kl. 9 - 12 og 13 - 15

Þriðjudaga kl. 13 - 15

Miðvikudaga kl. 10 - 12

Fimmtudaga kl. 9 - 12 og 13 - 15

Föstudaga LOKAÐ



### Viðtalstímar lækna eru:

Eftir hádegi á mánudögum og fyrir hádegi á fimmtudögum.

### Viðtalstímar hjúkrunarfræðings eru:

Mánudaga kl. 8.30-11

Þriðjudaga kl. 13.30-14.30

Fimmtudaga kl. 8.30-10

*Aðrir tímar eftir samkomulagi.*

Tímabantanir og upplýsingar í síma 464 0660 í Reykjahlíð.

Lyfjaendurnýjanir í síma 464-0500 kl. 9-10 alla virka daga

Sími skiptiborðs á Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga er 464 0500 og tímabantanir í síma 464 0501

Eftir lokun skiptiborðs og um helgar er vaktþjónusta í síma 1700

**Slys og alvarleg veikindi þar sem bráðrar þjónustu er þörf – hringið í 112**